

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

## 14. gr.

Skipulagsskrá þessi þannig samþykkt á aðalfundi Styrktarfélags Tónskólans hinn 29. nóvember 1970.

## SAMNINGUR

milli Læknafélags Íslands og menntamálaráðuneytisins  
um gjald fyrir heilsuvernd í skólum.

## 1. gr.

Greiðsla til lækna, er annast heilsuvernd í skólum samkvæmt reglugerð nr. 214 frá 22. janúar 1958, um heilsuvernd í skólum, með áorðnum breytingum (nr. 196/1965 og nr. 284/1966), skal vera sem hér segir, miðað við skólaár:

- |   |           |
|---|-----------|
| 1. Fyrir hvern nemanda í barnaskóla .....                                   | kr. 98.50 |
| 2. Fyrir hvern nemanda í gagnfræðaskóla og í öðrum<br>framhaldsskólum ..... | — 78.80   |

## 2. gr.

Ofangreindar gjaldfjárhæðir eru grunngreiðslur, og skulu þær sæta vísitölu-breytingum eftir sömu reglum og laun ríkisstarfsmanna. Á launin greiðist 7% orlof.

## 3. gr.

Ferðakostnaður héraðslækna vegna skólaskoðunar greiðist í samræmi við ákvæði gildandi samnings milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslur ferðakostnaðar í læknisvitjunum.

## 4. gr.

Samningur þessi kemur í stað samnings aðila um sama efni, dags. 31. desember 1969 (nr. 335/1969).

Samningurinn gildir frá 1. janúar 1971 að telja, þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. september ár hvert.

Reykjavík, 17. september 1971.

F. h. Læknafélags Íslands,  
Brynleifur H. Steingrímsson,  
form. kjaranefndar L. Í.

F. h. menntamálaráðuneytisins,  
Torfi Ásgeirsson.  
Árni Gunnarsson.